

ÍSA19 Íslenskubraut fyrir útlendinga

Áfangalýsingar

1. önn – áfangalýsingar

ÍSAN1ÍA05AT (ÍSA1A)	ÍSAN1ÍB05AT (ÍSA1B)	ÍSAN1ÍC05AT (ÍSA1C)	ÍSAN1ÍD05AT (NÝR - Stuð)	ÍSAT1ÍA03AT (ÍST1B)	UPPT1ÍA03AT (TÖN1A)
Íslenska sem annað mál - 1A	Íslenska sem annað mál - 1B	Íslenska sem annað mál - 1C	Íslenska sem annað mál - 1D	Íslenska sem annað mál - taláfangi 1A	Upplýsingatækni
Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku og engrar kunnáttu er krafist. Lögð er áhersla á menningartengt efni og daglegt umhverfi, unnið með samtöl, kurteisvenjur, hefðir og matarvenjur, auk almennrar málfræði og orðaforða, svo nemendur geti tileinkað sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptabáttunum tali, hlustun og ritun.	Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku og er engrar kunnáttu krafist. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Áhersla er lögð á réttan framburð, tal og uppbyggingu orðaforða sem tengist daglegu lífi og nánasta umhverfi nemandans.	Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku og er engrar kunnáttu krafist. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi með fjölbreyttum textum sem tengjast daglegu lífi á Íslandi, sem þeir vinna verkefni úr.	Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku og engrar kunnáttu er krafist. Nemendur kynnast uppbyggingu tungumálsins með hlustun og samræðum eftir því sem orðaforðinn leyfir. Lögð er sérstök áhersla á framburð, málhljóða, hlustun, skrift og lestur.	Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku og engrar kunnáttu er krafist. Áhersla er lögð á að byggja upp orðaforða sem varðar daglegt líf í íslensku samfélagi, mynda einfaldar setningar og taka þátt í einföldum samræðum sem gera þeim kleift að bjarga sér af eigin rammleik við algengar aðstæður.	Áfanginn er ætlaður nemendum með íslensku sem annað mál. Nemendur kynnast notkun á Innu, skjalavistun og tölvupósti. Auk þess gera þeir verkefni í ritvinnslu-, töflureikni- og glærugerðarforritum í Office.
<i>Íslenska fyrir alla 1</i>	<i>Talað orð</i>	<i>Íslenska vísar veginn</i>	<i>Framburðarefni, skrift, lestur</i>	<i>Íslenskukennsla</i>	

2. önn - áfangalýsingar

ÍSAN1ÍE05BT (ÍSA1D)	ÍSAN1ÍF05BT (ÍSA1E)	ÍSAN1ÍG05BT (ÍSA1F)	ÍSAT1ÍB03BT (ÍST1C)	ÍSAT1ÍC03BT (ÍST1D)	STÆR1ÍA05AT (STN2A)
Íslenska sem annað mál - 1E	Íslenska sem annað mál - 1F	Íslenska sem annað mál - 1G	Íslenska sem annað mál - taláfangi 1B	Íslenska sem annað mál - taláfangi 1C	Stærðfræði fyrir erlenda nemendur
Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið einni önn í íslensku. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur auki við orðaforða og þjálfri frjáls skrif. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist málfræðihugtökum og auki við þekkingu í málfræði. Auk þess eru lesnir textar um íslenskt samfélag.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið einni önn í íslensku. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi og ritun auk þeirrar málfræði sem tengist efninu. Áhersla er lögð á réttan framburð, þjálfun grunnatriða málfræðinnar og uppbyggingu orðaforða sem tengist daglegu lífi og nánasta umhverfi nemandans.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið einni önn í íslensku. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur auki við orðaforða um daglegt líf á Íslandi. Miðað er að því að nemendur geti tileinkað sér daglegt mál með þjálfun í tali, hlustun og ritun.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið einni önn í íslensku. Markmið áfangans er að nýta þá þekkingu sem nemendur hafa á íslensku til þess að örva skilning, hlustun, skrif, rökhugsun og tal. Til þess að ná fram þessum markmiðum er orðaforði þjálfaður með krossgátum, umræðum, hlustun, samtölum og skrifum.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið einni önn í íslensku. Markmið áfangans er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og loks að auka orðaforða. Til þess er lesin einföld saga og unnin málfræðiverkefni úr texta sögunnar.	Meginviðfangsefnin eru upprifjun á talnareikningi og lagður er grunnur að góðum og skipulögðum vinnubrögðum í stærðfræði og nákvæmni í framsetningu. Tvö meginmarkmið áfangans eru annars vegar að láta nemendur kynnast og skilja íslenskt orðfæri greinarinnar og hins vegar að byggja upp þekkingu og vinnulag og víkka sjónvildarhring þeirra. Nemendur þurfa að öðlast sjálfstraust til að beita stærðfræði af öryggi í daglegu lífi því að góð stærðfræðikunnátta er mikilvægur þáttur í almennri lífsleikni.
<i>Orð verða setningar</i>	<i>Orð fyrir orð</i>	<i>Íslenska fyrir alla 2</i>	<i>Orðfylla</i>	<i>Léttlestrarbók</i>	

ÍSA19 Íslenskubraut fyrir útlendinga

Áfangalýsingar

3. Önn - áfangalýsingar					
ÍSAN2ÍA05CT (ÍSA2A)	ÍSAN2ÍB05CT (ÍSA2B)	ÍSAN2ÍC05CT	ÍSAT2ÍA03CT (ÍST2A)	ENSK1ÍA05AT (ENN1A)	VALÁFANGI
Íslenska sem annað mál – 2A	Íslenska sem annað mál – 2B	Íslenska sem annað mál – 2C	Íslenska sem annað mál - taláfangi 2A	Enska fyrir erlenda nemendur	
<p>Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið tveimur önnum í íslensku. Unnið er með fjölbreytta texta sem tengjast lífi í íslensku þjóðfélagi, sögu þess, menningu o.fl. Aukin áhersla er lögð á kennslu í málfræði sem m.a. kemur fyrir í textum sem unnið er með. Nemendur fá þjálfun í að tjá sig í sífelld vaxandi máli í mæltu og rituðu máli, þ.e. munnlega og skriflega.</p>	<p>Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið tveimur önnum í íslensku. Lögð er áhersla á daglegt líf, s.s. umhverfi, fjölskyldu, menningu, atvinnu og ferðalög. Samhliða er málfræði skoðuð og uppbygging tungumálsins.</p>	<p>Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið tveimur önnum í íslensku. Í áfanganum kynnast nemendur íslensku samfélagi í gegnum bíómyndir, þætti, tónlist, o.fl. Unnin eru fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, tal og hlustun.</p>	<p>Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið tveimur önnum í íslensku. Markmiðið er að nýta þá þekkingu sem nemendur hafa í íslensku til þess að örva skilning, hlustun, skrif, rökhugsun og tal. Til að ná fram þessum markmiðum er lögð áhersla á umræður um samfélagið sem tungumálið er spröttið úr, hlustun, lestur og kynningar nemenda. Jafnframt er tjáning og skilningur á íslensku æfður með spunaleikjum og dagbóarskrifum.</p>	<p>Enska fyrir erlenda nemendur sem lært hafa litla sem enga ensku. Áhersla er lögð á lestur fjölbreyttra texta til að byggja upp orðaforða. Orðaforði er jafnframt byggður upp með lestri þriggja smásagna á önninni. Skriflegar æfingar gerðar til að þjálfa virkan orðaforða. Talmál æft í tengslum við lesefni eða annað efni sem kennari lætur nemendum í té. Málfræði er æfð með skriflegum æfingum. Aðeins er töluð enska í kennslustundum.</p>	<p>Markmiðið er að nemendur af erlendum uppruna kynnist verkgreinum sem kenndar eru innan skólans, s.s. upplýsingatækni, byggingatækni eða hönnun. Einnig er möguleiki að velja stærðfræði eða ensku.</p>
Íslenska - sjálfsagt mál	Íslenska fyrir alla 3				

ÍSA19 Íslenskubraut fyrir útlendinga

Áfangalýsingar

4. önn - áfangalýsingar

ÍSAN2ÍD05DT (ÍSA2D)	ÍSAN2ÍE05DT (ÍSA2E)	ÍSAN2ÍG05DT (ÍSA2G)	ÍSAT2ÍC03DT (ÍST2C)	LÍFS1ÍA05AT (ÍSA2C)	VALÁFANGI
Íslenska sem annað mál - 2D	Íslenska sem annað mál - 2E	Íslenska sem annað mál - 2G	Íslenska sem annað mál - taláfangi 2C	Lífsleikni	
Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Í áfanganum kynnast nemendur íslenski fjölskyldu og læra mikinn orðaforða tengdan daglegu lífi fólks á Íslandi. Þá öðlast þeir jafnframt innsýn í líf hefðbundinnar íslenskrar fjölskyldu. Textarnir eru um fjölbreytt efni, þ.e. hvaðeina sem íslensk fjölskylda tekur sér fyrir hendur, og leyst eru verkefni í tengslum við hvern texta, bæði hvað orðaforða varðar, svo og innihald textanna. Þá leysa nemendur jafnframt verkefni sem reyna á málfræðikunnáttu þeirra.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Í áfanganum lesa nemendur og hlusta á margvíslega texta, auk þess að horfa á myndbönd og leysa verkefni tengd þeim. Þeir hlusta m.a. á og lesa texta um ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í heimi hinna fullorðnu og daglegar athafnir þess, texta um íslenskt samfélag, svo og texta um almenningsvísindi. Þeir taka þátt í samtölum sem reyna á getu þeirra til að færa rök fyrir máli sínu. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir í að spyrja um merkingu texta og orða, og beri þannig aukna ábyrgð á tileinkun tungumálsins. Tilteknir textar eru lesnir ítarlega og aðrir yfirborðslega, því hvort tveggja er nauðsynlegt að kunna þegar nýtt tungumál er lært.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Áfanginn felur í sér kynningu á námi á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Aðallega er um að ræða iðnnám og annað verknám á framhaldsskólastigi. Nemendur hlusta á og lesa texta í hverjum tíma og leysa verkefni tengd textanum. Hver texti er jafnframt notaður til að æfa tiltekin málfræðiatríði með málfræðiæfingum. Tilgangurinn er að bæta orðaforða og íslenskukunnáttu nemendanna en jafnframt að veita erlendum nemendum innsýn í námsmöguleika á framhaldsskólastigi á Íslandi, bæði til að upplýsa þá um tækifærin en ekki hvað síst til að hvetja þá til frekara náms.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Nemendur leysa ýmis munnleg verkefni í kennslustundum. Sem dæmi má nefna hlutverkaleiki, hópsamtöl, hlustunaræfingar, stutta leikþætti og spjall um myndasögur. Einnig er mikið unnið með fréttir, bæði hlustun og lestur þeirrar. Myndasögur og dagblaðagreinar eru jafnframt nýttar þannig að nemendur lýsa myndunum og endursegja innihald greinanna. Þá horfa nemendur einnig á íslenskar kvikmyndir og spilaðar eru hlustunaræfingar og sönglög. Aðaláhersla er lögð á að auka virkan orðaforða.	Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Áhersla er lögð á þekkingu nemenda á skóla- og nærumhverfi sínu. Nemendur fá kynningu á sögu Íslands, frá upphafi byggðar í landinu. Fengist er við legu landsins, dýralíf og gróðurfar hér, umgengni við landið og atvinnuhætti fyrr og nú. Þá er útskýrt stjórnarfar landsins og stjórn málaflakkar. Nemendur búa til kynningu á sínu landi og flytja hana. Nemendur búa til ferilskrá og fá kynningu á réttindum sínum og skyldum. Farið er í heimsóknir á stofnanir og söfn.	Markmiðið er að nemendur af erlendum uppruna kynnist verkgreinum sem kenndar eru innan skólans, s.s. upplýsingatækni, byggingatækni eða hönnun. Einnig er möguleiki að velja stæðfræði eða ensku
Allt annað mál: íslenska fyrir útlendinga	Úr ýmsum áttum	Á leið út í lífið			

5. og 6. önn - áfangalýsingar

ÍSAN3ÍA05ET (ÍSA3A)	ÍSAN3ÍB05ET (ÍSA3B)
Íslenska sem annað mál - 3A	Íslenska sem annað mál - 3B
Áfanginn er ætlaður nemendum með annað móðurmál en íslensku og hyggja á frekara nám í Tækniskólanum. Hann kemur því í stað ÍSLE. Í áfanganum er færni nemenda í málfræði og stafsetningu aukin með markvissum æfingum. Nemendur lesa einnig valda texta eftir íslenska höfunda og vinna með textana bæði skriflega og munnlega.	Áfanginn er framhaldsáfangi fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Undanfari er ÍSAN2ÍD05DT. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi og ritun.